

Borgarráð

Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um reglur og viðbrögð varðandi eftirfylgni með styrkjum

Á fundi borgarráðs þann 31. janúar 2019 lagði áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins fram svohljóðandi fyrirspurn:

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram fyrirspurn um hvaða reglur borgin stýðst við hvað varðar eftirfylgni verkefna sem hún styrkir og til hvaða ráða er gripið ef styrkþegar standa ekki við samninga?

Fyrirspurninni var vísað til umsagnar skrifstofu borgarstjórnar þann 1. febrúar 2019.

Umsögn:

Í gildi er handbók Reykjavíkurborgar um meðferð, afgreiðslu og eftirfylgni styrkja, samstarfs- og þjónustusamninga síðast breytt í maí 2017 og reglur Reykjavíkurborgar um styrkveitingar. Það má finna upplýsingar um markmið með styrkveitingum og hvaða reglur gilda um eftirfylgni með styrkveitingum og þjónustusamningum og um viðbrögð við mögulegum vanefndum. Allir sem njóta styrkja borgarinnar eða eru viðsemjendur á grundvelli samstarfs- og þjónustusamninga skulu kynna sér stefnumörkun borgarinnar og er áskilið af hálfu borgarinnar að þeir hlíti henni. Styrkir eru veittir af borgarráði og/eða fagráðum til félagasamtaka, fyrirtækja og/eða einstaklinga vegna ákveðinna verkefna. Verkefni geta verið af ýmsum toga. Styrkir eru ekki veittir til að fjármagna lögbundin verkefni borgarinnar. Borgarráð og fagráð veita styrki á grundvelli sérstakra fjárheimilda. Verkefni verða að vera styrkhæf skv. styrkjareglum Reykjavíkurborgar og reglum hlutaðeigandi ráðs. Styrkir eru veittir í eitt skipti í senn. Styrkþeginn fær styrkinn útborgaðan að uppfylltum umsömdum skilyrðum.

Styrkþegi skal skila skrifstofu borgarstjórnar vegna styrkja borgarráðs eða hlutaðeigandi fagsviði greinargerð um ráðstöfun styrkfjár eigi síðar en 2 mánuðum eftir að verkefni lýkur eða skv. ósk Reykjavíkurborgar þar um. Upplýsingarnar verði kyngreindar og sérstaklega

verði greint frá því hvaða áhrif styrkurinn hefur á stöðu jaðarsettra hópa fólks. sbr. mannréttindastefna Reykjavíkur. Ef sýnt þykir að framlag borgarinnar hafi verið notað í öðru skyni en samkvæmt samningum áskilur borgin sér rétt til endurgreiðslu og/eða riftunar samnings. Framlög Reykjavíkurborgar sem veitt eru í formi aðstöðu og/eða húsnæðis skulu metin skv. reiknireglum borgarinnar um innri leigu og gerð grein fyrir þeim ásamt öðrum styrkjum á viðkomandi starfsári.

Fagráð borgarinnar sem fara með styrkveitingar fyrir sín málefnasvið setja sér síðan reglur í samræmi við handbókina og styrkjareglur borgarráðs. Fjármálaskrifstofa skilar einnig til borgarráðs í upphafi hvers árs skýrslu um framkvæmd styrkjareglna á árinu á undan.

Styrkjahandbók og reglur Reykjavíkurborgar um styrku eru hjálagðar til kynningar.

Helga Björk Laxdal
skrifstofustjóri borgarstjórnar

Hjálagt:
Styrkjahandbók Reykjavíkurborgar
Reglur Reykjavíkurborgar um styrkveitingar.